

Alþingi
Erindi nr. P 125/1502
Gjafsókn komudagur 10.4.2000

**Minnisblað um gjafsóknir í tengslum við meðferð
frumvarps til nýrra jafnréttislaga (272. mál á 125. löggjafarþingi).
Apríl 2000.**

Til félagsmálanefndar.
Frá nefndarritara.

Sú leið að veita kærunefnd jafnréttismála heimild til að veita kæranda gjafsókn verður að teljast mjög varhugaverð. Allar hugmyndir á þá leið yrðu að fara til umsagnar réttarfarsnefndar og líklegt verður að teljast að afstaða hennar yrði mjög neikvæð.

Í dag er skylda til gjafsóknar stefnanda í dómsmálum vegna ættleiðinga (l. 130/1999), sem og til handa sóknaraðila í faðernismálum (l. 20/1992). Jafnframt er heimild til handa umboðsmanni Alþingis að leggja til gjafsókn við dómsmálaráðherra í tilteknum málum (l. 85/1997) og sérstök heimild í lögum um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu EES-samningsins (l. 21/1994). Þá er heimild til handa forsætisráðherra að veita gjafsókn í málum fyrir óbyggðanefnd, en sú heimild er tímabundin, þar sem stefnt er að því að nefndin ljúki störfum og verði lögð niður fyrir 2007 (l. 58/1998).

Ef málshöfðunarheimild kærunefndar verður felld niður eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu verður að teljast eðlilegt að sá sem telur á rétt sinn hallað höfði mál fyrir dómstólum, væntanlega að fengnu efnislegu álitum kærunefndar, og gæti þá sótt um gjafsókn eftir venjulegum leiðum. Skilyrði þess að gjafsókn verði veitt er 1) að málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og 2) að efnahag umsækjanda sé þannig hátt að kostnaður af gæslu hagsmuna í máli hans yrði honum fyrirsjáanlega ofviða eða að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Með hliðsjón af ofangreindum skilyrðum verður að teljast líklegt að í flestum umsóknum um gjafsókn vegna jafnréttismála yrði umsögn gjafsóknarnefndar jákvæð.